

## Forsætisnefnd

Ár 2019, föstudaginn 1. febrúar, var haldinn 250. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:36. Viðstaddar voru Dóra Björt Guðjónsdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Gunnlaugur Bragi Björnsson, Marta Guðjónsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir ásamt Helgu Björk Laxdal og Bjarna Þóroddssyni sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. janúar 2019, þar sem tilkynnt er um að Elín Oddný Sigurðardóttir taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í forsætisnefnd í stað Lífar Magneudóttur.
2. Lögð fram drög, ódags., að breytingu á viðaukum við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna fullnaðarafgreiðsluheimilda umhverfis- og skipulagssviðs.  
Vísað til frekari vinnslu umhverfis- og skipulagssviðs.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. janúar 2019, varðandi beiðni Ásgerðar Jónu Flosadóttir, varaborgarfulltrúa, um tímabundna lausn frá störfum.  
Vísað til borgarstjórnar.
4. Lögð fram tilkynning um að Þór Elís Pálsson taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í skipulags- og samgönguráði og sem varaáheyrnarfulltrúi í forsætisnefnd og borgarráði í stað Ásgerðar Jónu Flosadóttur.
5. Fram fer kynning á drögum að útfærslu á birtingu á launaupplýsingum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.
6. Fram fer umræða um vinnuástöðu borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12.
7. Fram fer umræða um endurskoðun á siðareglum fyrir kjörna fulltrúa.
8. Fram fer umræða um endurskoðun á reglum um skráningu fjárhagslega hagsmuna kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.
9. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 15. janúar 2019.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Kosning fjögurra varaforseta borgarstjórnar
- b) Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um lækkun hámarkshraða og aukið umferðaröryggi við Hringbraut og nágrenni
- c) Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um mislæg gatnamót við Bústaðaveg og Reykjanesbraut
- d) Viðbrögð við niðurstöðum átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði, sbr. 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. janúar
- e) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að listaverkæign Listasafns Reykjavíkur verði gerð sýnilegri í skólum og stofnunum borgarinnar
- f) Umræða um list í almenningsrými og hlutverk borgarinnar í listskreytingu borgarlandsins (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna)
- g) Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um mat á vinningstillögu um almenningslistaverk í Vogabyggð
- h) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um styrkveitingu til Félags leigjenda hjá Félagsbústöðum
- i) Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að fundir borgarstjórnar hefjist kl. 10

- j) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bættan rekstur bílastæðahúsa í Reykjavík
  - k) Umræða um aðkomu minnihlutans að gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
  - l) Kosning í mannréttinda- og lýðræðisráð
- Kl. 11:37 vikur Kolbrún Baldursdóttir af fundinum

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Miðflokkurinn gerir tillögu um að borgarráð biðji forsætisnefnd að boða til aukafundar vegna ávirðinga forseta borgarstjórnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur í garð varaborgarfulltrúa Miðflokksins Baldurs Borgþórssonar.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Frestað.

11. Lögð fram svohljóðandi beiðni áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Ég óska eftir því að rangfærslur Dóru Bjartar forseta borgarstjórnar um eyðingu gagna vegna braggans verði teknar fyrir á næsta forsætisnefndarfundum. Hún hefur borið innri endurskoðanda þungum sökum sem engin innistæða er fyrir. Ég óska jafnframt eftir því að hún víki sem forseti borgarstjórnar á þeim fundum.

Frestað.

**Fundi slitið kl. 11:44**